

Bláfáni – Áætluð verkefni 2024.

Kynningarbæklingur

Fræðslubæklingur fyrir notendur og gesti hafnanna, áhersla verður á umhverfi hafnanna, aukna umhverfisvitund, endurvinnslu og fleira.

Fyrir hverja: Notendur og gesti hafnanna.

Fiskeldisskóli unga fólksins

Fræðsla í formi fyrirlestra og leikja um sjávarútveg. Nemendur fá að meta gæði fisks með skynmati, heimsækja fyrirtæki í fiskeldi og fyrirtæki tengd sjávarútvegi þar sem þau fá fræðslu um starfsemi fyrirtækja í sjávarútvegi, fyrirtækja í fiskeldi og o.s.frv. Einnig verða kynntir náms- og atvinnumöguleikar í greininni.

Fyrir hverja: Ungu fólkið í sveitarfélaginu.

Hreinsun strandlengju – Brekkusandur og Básar.

Fjöruhreinsun á strandsvæði í Vesturbyggð. Þetta árið er stefnt að fjöruhreinsun á Brekkusandi og Básam á Rauðasandi. Markmiðið er að hreinsa plast og rusl úr fjörunni og með því efla umhverfisvitund þáttakenda. Í kjölfarið verður þeim veiðarfærum sem finnast sett í gám og gefið til sjómanna ef þeir geta endurnýtt hluta af þessum veiðarfærum. til dæmis plast belgi, kúlur og fleira.

Verður auglýst sérstaklega síðar.

Fyrir hverja: Sjálfbóðaliða og fleiri.